

# Árið 2014

## 259. fundur

Miðvikudaginn 8. janúar 2014, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

- 1. Fundargerð 258. fundar og dagskrá.**  
Fundargerð 258. fundar og dagskrá lögð fram – Samþykkt án athugasemda.
- 2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús desember 2013.**  
Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. desember sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðanda. Þar kemur fram að sá liður hækkaði frá því í september sl. um kr. 25.390 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.268.680. Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 0,25% frá 1. september 2013 og er heildarkostnaður nú alls kr. 34.933.552 en var kr. 34.846.052 í september 2013. Umræður voru um tekjuhlið grundvallarins og ákveðið að Ólafur og Sigurður færu yfir útreikninga tekjuhliðar. Afgreiðslu grundvallarins var því frestað til næsta fundar.
- 3. Beiðni Örnú ehf um ákvörðun á verði óunninnar hrámjólkur til vinnslu.**  
Tekið var fyrir erindi Örnú ehf, dags. 13. desember sl. um að verð á óunninni mjólk til fyrirtækisins sem keypt er af Mjólkursamsölunni í lausu máli. Ákveðið var að óska eftir því við Einar Hafliða Einarsson lögg. endurskoðanda hjá Deliotte að taka að sér að greina þau gögn sem liggja til grundvallar verðlagsákvörðunar og koma með tillögu til nefndarinnar.
- 4. Fyrirspurn Samkeppniseftirlitsins um kostnaðarsundurliðun á mjólk í lausu máli.**  
Formaður gerði grein fyrir nýlegri fyrirspurn til nefndarinnar um skilgreiningu og sundurliðun á þeim kostnaðarliðum sem standa á bak við útreikning verðlagsnefndar á mjólk í lausu máli, auk þess að óska eftir útskýringu á vinnslustigi mjólkur í lausu máli og til hverra hún er ætluð til sölu og í hvaða tilgangi. Þessu erindi var svarað í bréfi til Samkeppniseftirlitsins 10. desember sl.
- 5. Greiðslumark mjólkur 2014 og umframmjólk.**  
Formaður gerði grein fyrir greiðslumarki mjólkur fyrir árið 2014, samkvæmt reglugerð nr. 1037/2013 um greiðslumark mjólkur á lögbylum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2014 og (1.) br. á sömu reglugerð nr. 1187/2013. Var greiðslumark mjólkur aukið um 9 millj. ltr. frá fyrra ári eða í 125 millj. ltr. Þetta er gert til að koma til móts við mikla eftirspurn á markaðnum aðallega á feitum og próteinríkum mjólkurvörum síðari hluta ársins. Óskað hefur verið eftir því við Framkvæmdanefnd búvörusamninga að bændur fá fullt verð fyrir umframmjólk er þeir framleiða.
- 6. Staða mjólkurframleiðslunnar og innflutningur á smjöri.**  
Farið var yfir stöðu mjólkurframleiðslunnar og innflutning MS á smjöri frá Írlandi. Miklar umræður sköpuðust um málið.
- 7. Önnur mál.**  
Lagt var fram bréf Samtaka afurðastöðvar í mjólkuriðnaði dags. 31. desember 2013, um breytingu á viðmiðun verðþátta mjólkur í verðlagsgrundvelli kúabús á viðmiðun efnisþátta úr 25/75 í 50/50 fita/prótein. Samþykkt.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín Sigfúsdóttir

## 260. fundur

Mánudaginn 17. febrúar 2014, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. **Fundargerð 259. fundar og dagskrá.**

Fundargerð 259. fundar og dagskrá lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

2. **Efnainnihald viðmiðunarmjólkur – verðlagsárið 2014.**

Lagt var fyrir erindi SAM, dags. 13. janúar sl., um efnainnihald viðmiðunarmjólkur fyrir árið 2014. Samkvæmt útreikningnum er fituinnihald 4,12% og prótein 3,33% og var það staðfest.

3. **Gestur fundarins:** Einar Sigurðsson forstjóri MS og Auðhumlu. Formaður bauð forstjóran velkominn sem kynnti fyrir fundarmönnum stöðu Mjólkursamsölunnar vegna mikillar aukningar á sölu mjólkurafurða þá aðallega á feitari afurðum. Söluaukning var 20% á haustmánuðum sem nemur allri mjólkurframleiðslu í Skagafirði og Langadal. Stærsti hluti útflutnings MS er mjólkur- og undanrennuduft til skyrgerðar í Danmörku en mikil söluaukning er á skyri, aðallega í Finnlandi. MS er hluti af verkefni um eflingu á sölu á íslensku skyri á Bandaríkjamarkaði, þar sem MS leggur fram þekkingu en fjárframlög frá MS verða í algeru lágmarki. Miklar umræður spunnust um málið. Var forstjórinn m.a. spurður hvort MS hygðði á fjárfestingar erlendis og ef svo væri hvort um stefnubreytingu væri að ræða af hálfu MS. Þessu var svarað neitandi.

4. **Verð á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli.** Gestur fundarins Einar Hafliði Einarsson, löggiltur endurskoðandi Deliotte. Formaður bauð Einar Hafliða velkominn. Á síðasta fundi var ákveðið að fá hann til að fara yfir málið og koma með rökstudda tillögur um verð á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli. Einar lagði fram minnisblað og tillögur og gerði grein fyrir útreikningum sínum. Hann setti fram tvær töflur um kostnaðarsundurgreiningu á mjólkinni. Miklar umræður voru um tillögurnar og verð til annara fyrirtækja sem framleiða mjólkurvörur þar sem MS hefur yfirburða stöðu á mjólkurmarkaði. Ákveðið var að fresta ákvörðun til næsta fundar þannig að nefndarmönnum gæfist ráðrúm til að yfirfara tillögu endurskoðandans.

5. **Verðlagsgrundvöllur desember 2013.** Formaður lagði til að fresta afgreiðslu á verðlagsgrundvöllum, þar sem tekjuhlíð hans þyrfti nánari útfærslu við. Hagstofa Íslands hefur ekki enn lagt fram rauntölur búreikninga bænda frá árinu 2012 og gagnrýndu fundarmenn það. Lagðir voru fram útreikninga á vegnu meðaltalsverði kýrkjöts í grundvöllinn og lagði til að setja fram allan ríkisstuðning sundurliðaðann í hann.

6. **Önnur mál.** Lagðir voru fram útreikninga á þróun vöruverðs á mjólkurafurðum frá árinu 2009. Málið var rætt og ákveðið að lagt verði fram yfirlit yfir söluþörf og verðlagningu nefndarinnar borið saman við verðlag frá árinu 2008 á næsta fundi. Þá urðu umræður um hvort afnám formerkingar á mjólkurafurðum hafi haft áhrif á vöruverð.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín Sigfúsdóttir

## 261. fundur

Miðvikudaginn 12. mars 2014, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

### 1. Fundargerð 260. fundar og dagskrá.

Athugasemdir við fundargerð 260. fundar lagðar fram og síðan samþykkt. Dagskrá lögð fram og hún samþykkt.

### 2. Verðlagning ógerilsneyddrar mjólkur til vinnslu.

Lögð var fram tillaga um verðlagningu á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli til vinnslu, sem byggist á útreikningum Einars Hafliða Einarssonar, löggilts endurskoðenda Deliotte, frá síðasta fundi. Tillaga er um að heildsöluverð á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli verði 91,40 kr. per líter. Í tillögunni er gert ráð fyrir að kostnaðarhlutdeild eins og hún er reiknuð í núverandi verðlagningarferfi. Þar er tekið tillit til þeirra kostnaðarliða sem falla til en þeir liðir eru; mjólkurhræfni 82,92 kr./ltr., hlutdeild í launakostnaði 3,03 kr./ltr., flutningi og dreifingu 1,10 kr./ltr. Einnig hlutdeild í öðrum kostnaði eins og rannsóknnum og eftirliti, orkukostnaði, skrifstofu- og bókhaldskostnaði og 5% hlutdeild í föstum kostnaði, samtals 4,35 kr./ltr., eða samanlagt **91,40 kr./ltr.** (82,92+3,03+1,10+4,35) fyrir ógerilsneydda mjólk í lausu máli.

Tillagan var samþykkt samhljóða og tekur verðlagningin gildi 1. apríl n.k. Frá sama tíma mun því verð á mjólk í lausu máli í verðskrá, eingöngu gilda fyrir gerilsneydda mjólk.

### 3. Gestur fundarins: Benedikt Árnason, formaður „fastanefndar“ í forsætisráðuneytinu.

Benedikt var fenginn til að kynna áherslur aðila vinnumarkaðarins um mikilvægi þess að afnema vísitöluhækkanir á vörum og þjónustu. Hann sagði frá tilurð nefndar sem skipuð er 15 fulltrúum frá hinu opinbera, sveitarfélögum og heildarsamtökum aðila á vinnumarkaði. Hlutverk hennar er að hafa yfirsýn yfir regluleg samskipti þessara aðila og vera vettvangur hugmynda og skoðanaskipta um sameiginleg hagsmunamál. Nefndin hefur til skoðunar haftamál gjaldeyrisins, verðlagsmál þar sem leitað er leiða til að draga úr sjálfvirkum hækkunum og kanna launa- og verðlagsþróun. Áhersla hefur verið mest á fjárskuldbindingar og sjálfvirka verðtryggingar, m.a. hjá ríkinu.

### 4. Önnur mál.

Lagðir voru fram útreikningar á þróun vöruverðs á mjólkurafurðum frá árinu 2009.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín Sigfúsdóttir

## 262. fundur

Miðvikudaginn 2. apríl 2014, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

### 1. Fundargerð 261. fundar og dagskrá.

Athugasemdir voru gerðar við fundargerð 261. sem var lagfærð. Dagskrá lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

### 2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús desember 2013.

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðanda. Þar kemur fram að sá liður hækkaði frá því í september sl. um kr. 25.390 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.268.680. Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 0,84% frá 1. september 2013 og er heildarkostnaður nú alls kr. 35.139.691 en var kr. 34.846.052 í september 2013. Áður hafði verið ákveðið að endurmeta tekjur af kjötinnleggi sem fellur til við framleiðslu mjólkur í grundvellingum, sbr. fundargerð 259. Í útreikningnum var tekið vegið meðaltal á hvert kíló innleggs frá sláturleyfishöfum. Samkvæmt verðlagsgrundvellingnum er miðað við 188.000 lítra bú og er greitt frá afurðastöð 82,92 kr. á hvern líter. Sundurliðun beingreiðslna til bænda skiptast þannig: Beingreiðslur 45,75, kr./ltr, kynbóta og þróunarstarfsemi 1,36 kr./ltr, gripagreiðslur 4,85 kr./ltr og óframleiðslutengdur stuðningur 1,58 kr./ltr. eða samtals kr. 54,10 pr. líter. Tekjur grundvallarins er kr. 27.577.197. Grundvöllurinn var staðfest

### 3. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús mars 2014.

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. mars 2014, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðanda. Þar kemur fram að sá liður lækkaði frá því í desember sl. um kr. 59.133 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.209.547. Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 0,37% frá 1. september 2013 og er heildarkostnaður nú alls kr. 34.975.671 en var kr. 35.139.691 í desember 2013. Heildargreiðslumark mjólkur árið 2014 var ákveðið 125 millj. lítra og verða því beingreiðslur sem hér segir: Beingreiðslur 43,73, kr./ltr, kynbóta og þróunarstarfsemi 1,30 kr./ltr, gripagreiðslur 4,72 kr./ltr og óframleiðslutengdur stuðningur 1,51 kr./ltr. eða samtals kr. 51,72 pr. líter. Tekjur grundvallarins er kr. 27.148.557. Grundvöllurinn var staðfestur.

### 4. Tölulegar upplýsingar um verðlagsmál og stuðning við landbúnað.

Formaður bauð Arnar Frey Einarsson hagfræðing í ANR velkominn en hann kynnti fyrir fundarmönnum tölulegar upplýsingar um útgjöld hins opinbera til landbúnaðar og gerði grein fyrir framleiðsluverðmæti mjólkurframleiðslu á árunum 2004 -2013. Farið var yfir samanburðartölur á verðlagi og heild- og smásöluverði neyslumjólkur frá 2008.

### 5. Önnur mál.

Ákveðið var að taka saman tölulegar upplýsingar um verðlagningu mjólkur frá árinu 2004 og forsendur þeirra.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.